# Bréf til Bjarna: Bréfritari Sveinn Benediktsson bróðir hans, nóvember 1930 til janúar 1932

Bjarni Benediktsson – Útvegsbanki – gjaldþrot – útgerðarmenn vilja lækka laun – síld – Raftækjaverslun Íslands – Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði – fisktökuskip Kveldúlfs - Félag íslenskra línuveiðareigenda -

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 3-1, Örk 7

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 12. nóvember 1930

Kæri bróðir,

jeg þakka þjer brjefið, sem þú skrifaðir mjer frá Kaupmannahöfn, einnig fyrsta brjef þitt frá Berlin. Það fengum við í fyrrakvöld.

Af þeim tíðindum, sem hjer hafa orðið hefur einna mest verið rætt um gjaldþrot Þórðar Flygenring, Hafnarfirði. Munt þú sjá nánar um það í blöðunum. Útvegsbankinn hefur krafist af fiskkaupmönnum þeim sem keypt hafa fisk af Þórði, minsta kosti sumum þeirra, að þeir greiddu bankanum andvirði fiskjarins þótt þeir hefðu áður greitt Þórði. Byggir bankinn kröfu sína á því að fiskurinn hafi með þinglýstu sjálfsvörsluveði verið sjer veðsettur og kaupendur hefðu átt að kynna sjer hvort fiskurinn væri ekki veðsettur áður en þeir greiddu Þórði. Nú er víst gangurinn með veðsettan fisk að vera og svo að maður þarf leyfi bankans til að selja fiskinn, en oft hefur þetta í framkvæmd verið þannig að fiskurinn hefur verið seldur án þess að tala við bankann en peningarnir verið greiddir til bankans. Nú hygg jeg að lögfræðingar telji mjög vafasamt, að hægt sje að heimta af fiskkaupendunum að þeir greiði fiskinn aftur, en eflaust verða málaferli útaf þessu því um mjög stórar upphæðir er að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ræða. En eftir því sem jeg hefi ~~Egg~~ heyrt hefur landsbankinn ekki krafist þess sama af síld-kaupmönnunum.

Lúðvíg C. Magnússon er nú líka orðinn gjaldþrota. Ásgeir Pjetursson, sem hefur verið hjer í bænum sagði mjer að á skiftafundi, sem haldinn var nú alveg nýlega ~~[illegible]~~ til að taka ákvörðun um fóðursíld og íshús Lúðvígs hafi enginn fett fingur út í geymslusíldina sem Ásgeir á hjá Lúðvíg á íshúsinu hjer, en aftur á b. svo síld fyrir norðan hjá Ásgeiri. Eins og þú manst leitaði Ásgeir þinna ráða um sendingu þessarar síldar.

~~[illegible]~~ Matthías gamli sem var matsveinn hjá Guðmundi Þorláki í sumar og varð veikur í [illegible] og var þessvegna í landi í vikutíma áður en hann fór suður, kom nýlega hingað til mín og minntist á þig. Sagðist hann nú fyrir nokkru hafa sjeð að þú værir lifandi eftirmynd afa gamla, Benedikts Sveinssonar sýslumanns, sem hann hjelt að við værum komnir af og vildi varla trúa því þegar jeg sagði að við værum ekkert skyldir honum.

Sveinn Jónsson sigldi ásamt Karli Kristins syni í byrjun okt. Fyrir viku síðan komu þeir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

aftur. Fyrsta kvöldið, sem Svenni var heima, gekk hann með kunningja sínum inn Laugaveg kl. um eitt. Þegar þeir komu inn að búð frá Silla & Valda, sem er í stóru steinhúsi áföstu við hús Jóns frá Hjalla, heyrðu þeir rúðubrotshljóð innan úr porti. Snéru þeir þá við og gengu inn í portið að sjá hverju þetta sætti. Sáu þeir mann standa í portinu við brotinn glugga og hljóp hann burtu er hann sá þá Svenna. En þeir veittu honum ekki eftirför, heldur fóru að leita lögreglunnar. Fundu þeir engan lögregluþjón fyrr en niðri í miðbæ, en þar og á bakaleiðinni náðu þeir í fjóra. Komu þeir aftur inneftir þegar liðnar voru ca 20 mín. frá því að þeir Svenni fóru að leita lögreglunnar. Settu þeir nú vörð við búðina, en einhver þeirra fór að vekja búðarmann hjá Silla & Valda, náðist von bráðar í hann og lauk hann svo upp búðinni bakdyramegin. Var þá þjófurinn inni, hafði komið aftur eftir Svenna, en við rannsókn kom í ljós að þetta var annar en sá sem hljóp burtu. Höfðu þeir verið 3 í félagi og framið um 20 innbrot í haust og sumar en ekkert orðið uppvíst fyrr en nú. Einn þeirra höfðu þeir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nát í 6000 kr. hjá G. Forsberg, skipaverslunar kaupmanni. Er Sveinn alveg andaktugur yfir þessu. Mennina þekki jeg ekkert, vera hvor þeirra um tvítugt en einn þeirra undir tvítugt.

Við höfum nú selt beitusíldina, sem jeg keypti í haust, 120 tn Málmquist Siglufj. 242 þórði Ásmundssyni og Bj. Ól. á 60, 95 Reykdal í Hafnarfirði, en um 140 tn eru óseldar. Mest alt er óborgað og útgerðarmenn nú mjög peningalitlir og búist við að línubátar stöðvist um áramótin vegna ósamkomulags um ráðningarkjörin. Er nú mikið framboð á beitusíld, en engir kaupendur.

Ennfrá er nærri alt lýsið hjá Síldarverksmiðju ríkisins óselt, einsog hjá hinum innlendu verksmiðjunum og er verðið nú ca 35-40% lægra en í fyrra og gengur það algjörlega út yfir þá sem leggja til síldina.

Síldareinkasalan hefur ekki greitt nema 7 kr. út á tunnuna og greiðir víst ekki meira fyrst um sinn, vegna þess hve mikið fje situr fast í Rússasíldinni og tunnubirgðum sem nema 70-80 þús. tunnum. Annars birtist grein um síldina í sumar í Morgunbl. 12. okt. sem jeg held að Jóhann Þ. Jósefsson myndi hafa samið væri hann spurður.

Man ekki fleira að sinni, en skrifa bráðum aftur. bið að heilsa Rúti.

Þinn Sveinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 3. des. 1930.

Kæri bróðir!

Jeg þakka þjer kærlega fyrir þitt góða brjef sem jeg fjekk nú í dag.

Ásgeir var var fenginn af Stúdentaráði til að tala 1. des. af svölum Alþingishússins, — hjelt hann góða ræðu, en að mjer heyrðist heyrðist hún ekki vel, vegna þess að þá var ofsaþrumuveður og eina bótin sú að áheyrendur stóðu í skjóli við húsið; auglýst hafði verið að talað yrði í gjallarhorn, en af ástæðum, sem mjer eru ókunnar fórst það fyrir, að svo yrði.

Fyrnefnt óveður er ekki talið að hafa gert neitt tjón hjer sunnanlands, en í Skaftafellssýslu laust eldingu niður í landssímann og kveikti í bænum Flögu í Skaftártungu.

Leiddist eldingin með símanum inn í húsið og sprengdi öll öryggi og fólkið, sem svaf uppi á lofti, fann strax sviðalykt og þegar bóndinn, sem giftur er systur Gísla Sveinssonar sýslumanns kom niður var allt á tjá og tundri í símaherberginu og mikill eldur kominn í þak. Slapp fólkið svo með naumindum út óskaddað, en Morgunblaðið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

segir að andvirðið bæti Landsvíminn hjáróð, sem orðið hafi á barnum, sökum þess að þarna sje landsvínastöð og vegna hennar hafi kviknað í húsinu.

Þess skal getið að á mínum fræga barometer var jeg búinn að sjá óveður þetta fyrir dögunum áður.

Pabbi og mamma fóru á Stúdentaballið. Þaðan fátt að frjetta nema sumar stúlkur höfðu að sögn mömmu verið alldrukknar. Dína á Bergsstöðum, sem nýlega er opinberlega trúlofuð Ólafi Jónssyni Ólafssonar, dóttir Jóns Arnbunds, kona Hjeðins Valdimarssonar, voru þarna verstar. Skjaldbakan var ekki á ballinu og þess vegna ekki heldur systir var, en Svandur Ólafs var með Færeyingum.

Sveinn Þórarinsson hefur haldið málverka-sýningu hjer nýlega gekk honum mjög treglega að fá aðsókn í fyrstu og eins að selja, en með fyrir „agitation“ „Magnúsar „dósents“ rættist úr fyrir honum að lokum, svo Sveinn er víst ánægður með árangur sýningarinnar.

Miklar tröllasögur hafa gengið hjer í bænum í gær og í dag um Þórarin Egilsson í Hafnarfirði. Hann er mikill kvennamaður, eins og þú máske veist. J

2/

Á einum hesta sinna, sem hann hafði keypt fyrir á annað þús. kr. hafði hann nú í fyrri viku (auðvitað drukkinn) riðið fram af þárri bryggju (ekki veit jeg hvort það var aðalhafnarbryggjan) á hesti sínum ~~[illegible]~~ og í bátakaf, en komið samt upp aftur með hestinum og hangið á honum uppi í fjörunni. En í fyrradag hafði hann á þessum sama hesti riðið upp á hraunsnýpu og hafði hesturinn með þórarinn stokkið fram af nýpunni og rotast, en þórarinn sakaði ekki. Þykja þetta heldur ófagrar aðfarir. Nú er allur friður úti hjer vestur frá því að frænka var að koma inn með báði Halldóru Bjarnadóttur og Guðrúnu Björnsdóttur frá Presthólum, sem nú er búin að tala látlaust í korter og verð jeg nú að reyna að forða mjer. Jeg mun skrifa aftur áður en langt um líður.

Bið að heilsa Kötu og jeg líka Inga

Sæll og blessaður

Sveinn

Bjarni minn: Jeg þekki nú kærustuna, þó að jeg sje farin frá Sveinsi. — Ungi maðurinn!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gatið yðar fyrir revernfólkinu. Segðu Páli, að ein vinkona hans frá Siglufirði, sem er orðin nokkurnveginn þekkt hjer í danssölunum borgarinnar, hafi látbragðað um daginn. Að þakka ykkur hversu er jeg áhyggjulaus minna, og sje jeg mjög mikið eftir því, að hafa ekki farið til Thorarensen (þetta er mín bara plata).

Vertu nú sæll. Jeg vona að þú skrifir mjer bráðlega.

Inga

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 15. jan. 1931

Kæri bróðir,

Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjef þitt d. 6. jan. fjekk jeg það í gærmorgun. Deginum áður kom kort, sem þú hafðir sent 13. des. svo stopular hafa ferðirnar verið.

Hjeðan er það helst að frjetta, að mjög dauft er yfir útgerðinni. Ekkert samkomulag hefur enn þá náðst um kjörin á línubátunum, en nú er komið að því, að sáttasemjari eigi að reyna að koma á samkomulagi. Býst jeg við að það verði allerfitt sjerstaklega um síldveiðakjörin því að útgerðarmenn vilja lækka kaupið á þorskveiðunum og halda fast við að sjómenn hafi áfram aflahlut 33 1/3 % eins og verið hefur að undanförnu. Aftur vilja sjómenn hækkun á þorskveiðakaupi og algjörða breyting á síldveiðakjörunum. Vilja þeir fá fast mánaðarkaup 175 kr. á mán. og 15, 17 og 19 aura premiu á tunnu og máli af fyrsta þús. 15 aura af öðru þúsundi 17 aura og 19 aura þar yfir. En ekki eru nokkur líkindi til að þeir fái þessum kröfum framgengt, þar sem útgerðarmenn halda mjög fast við gömlu síldveiðakjörin.

Slæmt verð og sílækkandi er á síldarlýsi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Síldarverksmiðja ríkisins hefur um ekki selt nema 1000 föt af þeim 7000 fötum, sem hún framleiddi. Eru því umþá 6000 föt = ca 1000 tonn óseld, en verðið á tonninu er nú komið niður í ca. £ 11-0-0 cif í því ástandi, sem lýsiðer án frádráttar fyrir fitusýruprósentur fram yfir 2%, er því verðið fallið um ca 50% frá því í april-maímánuði s. l., en frá því að verksmiðjan hafði, útihvað lýsi að selja, er lækkunin rúm 30%, en hvis vegar hefur verst mar ómögulegt að selja nema smápartí. Eru nú þeir sem hjer eiga hlut að máli framkv. st. stjórn verksmiðjunnar og eins landsstjórnin órólir mjög skelkaðir og standur nú til að selja fyrir £ 11-0-0 ef það fá komst í kring. Verður þá útkoman sú, eftir því sem Olsson sagði mjer nýlega, að Verksmiðjuna vantar 60-70 þús. kr. til þess að geta undergreitt vetsstrartán sín auk þess, sem ekkert er til upp í vexti og afborganir af stofnkostnaði, og nemur sú upphæð fram undir 200 þús kr., svo ekki er ástandið glæsilegt.

Halldór Sindri fóer hjeimut R.M. 930 í ávísun. Jeg ætlaði að skrifa lengra, en hefi tafist og verð því að hætta að sinni.

Inga biður kærlega að heilsa þjer og við bæði

Þinn Bræðir

Svarað aftur 2. mars 1931.

Reykjavík, 16/2 1931

Kæri bróðir!

Þú munt hafa heyrt, að pabbi var skipaður bókavörður í Landsbókasafninu í [illegible] stöðu og Árna Pálssonar hefur og með ~~[illegible]~~ sömu launum, kr. 5000.00 á ári; sýnist mjer, pabbi kunna vel við sig í safninu. Af fjölskyldunni man jeg ekki aðrar frjettir.

Þormóður Eyjólfsson og Síldarverksmiðju-Ottesen hafa verið hjer í ferð og er það síldarnefndin enn í bænum. Loftur Bj. endurskoðandi hefur verið veikur af gigt í fæti svo hann hefur enn sem komið er ekki getað komið að endurskoðuninni með G. Hlíðdal, en hefur í þess stað sent Jón Þórðarson til þess að bera fylgiskjölin saman við journalinn, en sjálfur ætlar hann sjer að reyna að komast síðar.

Nú höfum við selt síldarlýsið allt en fyrir mjög lágt verð. En síldarverksmiðjustjórnin hefur enn sem komið er sloppið að mestu við aðfinnslur þótt illa hafi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gengið með afurðasölunni, sökum hins hrapallega verðfalls.

Rekstrarreikningur Max Pemberton sýndi 63.000,00 króna hagnað á saltfisksveiðum en 15.000 kr. tap á ísfisksveiðum svo heildarútkoman er mjög svipuð og í fyrra.

Ölgan og Namdal slitnuðu frá hafnarbryggjunni í Hafnarfirði í óveðri í fyrrakvöld og nærri gjöreyðilögðust bæði skipin.

Einar Eyjólfsson kaupm. og Þórður af Kleppi biðja að heilsa þjer. Einnig Inga sem endilega vildi skrifa upphaf brjefsins.

Þinn bróðir

Sveinn

Skrifa 30.3.'31

Reykjavík 6. marz 1931

Kæri bróðir!

Hjer hefur verið versta veður undanfarna fjóra daga. Fyrsta daginn og fyrri hluta annars dagsins snjókoma meiri, en komið hefur hjer í mörg ár. En svo í gær og í dag landsunnan rok með úrhellisrigningu og asahláku, svo alveg hefur verið ófært um göturnar nema á gúmmístígvjelum. Í bilnum í fyrradag strandaði enskur togari frá Grimsby, Gory Thorne að nafni, á Görundarskerjum út í Skerjafirði, heyrðist flaut frá honum í land, þótt ekki yrði komist til hans úr landi. Kom Magni, hafnarbáturinn, á vettvang og skömmu síðar losnaði togarinn af skerinu, en var búinn að missa skrúfuna og rak ósjálfbjarga til hafs. Tókst Magna að koma dráttartaug yfir í hann og dró hann síðan hingað. Trollarinn er nú uppi í Fjöru og hafa Halldór og Bjarni Þorsteinsson í Hjeðni verið útnefndir til að meta skipið með afla, vegna björgunarlauna, sem Rvíkurhöfn fer fram á. Halldór sagði um þennan trollara, að hann hefði strandað í Noregi 1928 og verið „condemneraður" dæmdur ónýtur, en síðan hefðu Norðmenn náð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann á flot og sett hann til Grimsby, en áður hafi trollarinn verið eign sama fjelags sem átti „Max Pemberton". en það hefur bækistöð í Hull.

Ölgjan hefur nú verið dauð ónýt. Eftir höfðu það ekkert lakara úr því, sem komið var. Því að hún hefði aldrei orðið laus úr viðgerð fyrir en einhverntíma í vor og þá dauð vetrarvertíðin hjáliðin.

Fyrir ½ mánuði síðan komu trollaraeigendur sjer saman um að byrja ekki saltfiskveiðar fyrir en 20. marz; þetta var gjört í þeim tilgangi að reyna hækka verðið, með því að láta sem minst bætast við þær fiskbirgðir sem til væru og þær gengju til þurðar og framboðið á fiski yrði ekki eins mikið. Einnig hefur síðasta vikan af febr. og fyrri hlutinn af marz, sem hjer er aðallega um að ræða, oft verið lítið veiðavænlegur til saltfiskveiða, vegna gæftaleysis og fiskitregðu þótt gott fiskirí hafi verið á þessum tíma í fyrra og hitteðfyrra. Hinsvegar máttu þeir sem vildu halda áfram á ísfiskveiðum og gjörðu flestir það, en jafnóðum og þeir hafa komið heim frá Englandi undanfarna daga hafa þeir lagt í höfn hjer, vegna þess að ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefur verið nægur tími til að fara 1 róður í viðbót og vera kominn aftur 20. marz, til að byrja á salt-fiskveiðunum. Einnig mun það hafa stuðlað að því hve margir hafa lagst, að á þessum tíma veiðist nær eingöngu þorskur og aflinn verður svo mikill að hann selst illa. Líka vegna þess að mikið berst að af síld frá Norðmönnum.

Þetta tilefni hefur Alþýðublaðið notað til að ráðast á útgerðarmenn í sínum gamla anda eins og þú munt sjá af þeim blöðum, sem fylgja hérmeð. Að vísu er leitt að skipin skyldu ekki halda áfram veiðum þar sem markaður hefur verið með skásta móti undanfarið, vegna þess hve lítið hefur borist að, móti venju á þessum tíma, og fyrirfram varð ekki reiknað með öðru en venjulegu undanfarinna ára.

Max Pemberton var að selja afla sinn á miðvikudaginn 4. og fimtudaginn 5. marz og seldi ~~[illegible]~~ hann fyrir £ 135/, enda var aflinn 3000 körfur, aðeins nær eingöngu stútungur, en þetta er mesta körfutala, sem Max hefur nokkurntíma selt í einu.

Nú er jeg búinn að selja alla freðsíldina þær 138 tunnur sem eftir voru seldust fyrir milligöngu Lofts Bjarnasonar til e/s Papeyjar, sem Guðmundur Magnússon er skipstjóri á. Loftur er nú framkvæmdarstjóri fyrir það skip.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Síldinni hefur nú verið ráðstafað með ca 4000 kr. hagnaði að nafninu til, en ekki eru þá dregnir frá vextir af því fje, sem til kaupanna hafa farið og loks ekki tekið tillit til þess, að vegna þessa brasks eigum við útistandandi víxil að upphæð kr. 7744 samþ. af Þórði Ásmundssyni. Hjeðan skrifað 10. marz: 5.520 krónur hjá Papey. 1440 krónur hjá Ölgunni. 229 kr. hjá Reykdals í Hafnarfirði. Svo ekki er nú útlit hvernig skjöldur greiðast, ef þetta undan þá ekki allt með tapi.

Einkasalan hefur nú ákveðið að greiða sama verð fyrir þá síld sem söltuð var handa Rússum, og aðra síld. Það er að segja þegar hún fær peninga, sem ekki verður fyrr en eitthvað fæst út á Rússavíxlana. Er nú verið að reyna að fá þingið til að ábyrgjast þá. Jeg hefi lent í brefi við þormóð, sem neitað hefur Gvend Sk. til að skrifa undir víxlana skýrslu. Sendi jeg þjer hjermeð afrit af brjefi mínu til Þeirra. Tók jeg afritið sjerstaklega handa þjer. Um þeirra skýrslu er það að segja, að ráðherrarnir Einar og Jónas, sem jeg talaði við í dag eru óánægðir með hana sjerstaklega með reikningsfærsluna. Gutm. Sk., sem jeg talaði við fyrst í dag vegna sinnsleita til Sí. sagði að í uppkasti þormóðar af skýrslunni, sem hann hefði sýnt sjer hefði ekkert verið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/

um að 6000 föt hafi selst fyrir milligöngu formanns, en úttakið sem undirskrifað var hafði hann ekki lesið. Þakka þjer brjef þitt 17. febr., sem jeg fjekk 7. marz.

Loftur Bjarnason biður kærlega að heilsa þjer. Hann hefur nú leigt trollarann Sindra, sem hann ætlar að gera út á línuveiðar í stað Egjunnar.

Inga þakkar kærlega kveðjur frá þjer og biður að heilsa.

Sæll og blessaður

Finnur Sveinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 30.3.'31

Reykjavík 18. marz 1931

Kæri bróðir,

Halldór biður mig að senda þjer ávísun RM 920,oo, sem fylgir hjer með. Annars margt að snúast í svipinn og engar frjettir síðan jeg skrifaði síðast.

Aðalfundur í h/f Raftækjaverslun Íslands var haldinn þann 14. þ. m. Afkoman var frekar góð. Samþykt að greiða arð 5 % p. a. frá innborgunardegi. Annars býst jeg við að þetta sje framtíðarfyrirtæki og ekki ólíklegt, að mikill gróði geti orðið af hlutabrjefunum í framtíðinni. Tóbaksversl. greiðir 50 % arð í ár.

Allir þeir trollarar, sem ekki hafa haldið áfram ísfisksveiðum fara á saltfisksveiðar annaðkveld.

Loftur Bjarnason býr ennþá á hótel Borg og er hann nú heldur að hressast af gigtinni. Hann þakkar kveðjur frá þjer og biður að heilsa þjer. Kveðst hann munu skrifa þjer innan skamms.

Inga þakkar líka kveðjur frá þjer og biður hið besta að heilsa.

Með bestu kveðjum

Binni

Sveinn

P.S. þakka brjef þitt f. 2. marz. Hefi gaman að úrklippunum.

S.B.

Halldór biður að heilsa.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 6. marz 1931

Herrar Þormóður Eyjólfsson & Guðmundur Skarphjeðinsson,

í stjórn Síldarverksmiðju ríkisins,

S i g l u f i r ð i .

Með brjefi frá Siglufirði dags. 1. marz, sem jeg hefi móttekið í gær, tilkynnir formaður verksmiðjustjórnarinnar mjer, að þið samverkamenn mínir í verksmiðjustjórninni, hafi sent atvinnumálaráðuneytinu skýrslu, um starfrækslu verksmiðjunnar síðast liðið ár, ásamt reikningum verksmiðjunnar, og biðjið mig "að gera svo vel, að skrifa undir þessi plögg hjá ráðuneytinu".

Mig furðar á þessari ráðabreytni að senda skýrsluna rakleiðis í ráðuneytið, án þess að mjer gefist færi á að láta í ljósi þær tillögur til breytinga á skýrslunni, sem jeg kynni að vilja óska. Þetta finnst mjer því undarlegra, sem jeg hafði beinlínis æskt þess í símtali við formann verksmiðjustjórnarinnar, að mjer yrði send skýrslan til athugunar, áður en hún færi í stjórnarráðið og hefði það verið í samræmi við, að þegar við í stjórninni vorum að gera uppkast að reglugerð fyrir verksmiðjuna, þá töluðum við fyrst um meginatriði reglugerðarinnar, en þið samverkamenn mínir tókuð saman uppkast að reglugerðinni, sem jeg fjekk til athugunar og gerði á nokkrar breytingar, með samþykki ykkar. Þessi sama aðferð var sjálfsögð, þegar um var að ræða skýrslugerð um rekstur verksmiðjunnar.

Þegar jeg samkvæmt tilvísun ykkar fór í atvinnumálaráðuneytið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og kvaðst vilja líta á skýrslu og reikninga verksmiðjustjórnarinnar sem sent hefði verið beint í stjórnarráðið af ykkur meðstjórnendum mínum, sagði skrifstofustjórinn í atvinnumálaráðuneytinu, að það væri sjálfsagt, jafnframt ljet hann þess getið, að þið hefðuð átt að senda skýrsluna til mín, því að ráðuneytið, hefði ekkert XXX við hana að gera fyr en stjórnin í heild hefði undirskrifað hana. Fjekk hann mjer síðan skýrsluna og reikninga til athugunar.

Einnig biðjið þið mig að skrifa undir reikninga verksmiðjunnar, sem þið einnig senduð beint í stjórnarráðið. Þar sem jeg hafði átt kost á að athuga reikningana, hefði jeg ekkert sjerstakt haft við það að athuga, að þeir voru sendir beint í stjórnarráðið, ef gengið hefði verið frá þeim á þann hátt, sem jeg bjóst við að þið mynduð gera, eftir símtal, sem jeg hafði átt við formann verksmiðjustjórnarinnar, hr. Þormóð Eyjólfsson, síðan hann fór úr bænum. Skýrði jeg honum frá, að jeg hefði fengið vilyrði fyrir því hjá fjármálaráðherra, Einari Árnasyni, að hann myndi fyrir sitt leyti samþykkja að áætlað tap á rekstri verksmiðjunnar síðast liðið ár ca. 60.000 kr. yrði talið til stofnkostnaðar, ef stjórn verksmiðjunnar óskaði þess og enduskoðendur gæfu samþykki sitt. Þar eð þetta tap var nú orðin staðreynd, vildi jeg láta halda reikningunum opnum, þangað til formlegt samþykki fjármálaráðherra fengist fyrir þessari færslu, svo að hægt væri að samræma reikningana við hana. Þarf jeg ekki orðum að því að eyða, hversu óhagfelt það getur orðið, fyrir verksmiðjuna, ef fyrnefnt tap yrði að koma á þessa árs rekstur eins og hlýtur að verða, ef gengið er frá reikningunum endanlega í því formi, sem þeir nú eru. Fyrneft vilyrði fjármálaráðherra var auðvitað miðað við það, að tapið yrði fært á stofnkostnað á reikningi verksmiðjunnar fyrir síðast liðið ár. Mjer er það óskiljanlegt að meðstjórnendur mínir vilja í þögulu skeytingarleysi láta þetta tækifæri ganga úr greipum verksmiðjunnar. Og hlýt jeg að álíta, þar til annað upplýs-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ist, að formaður verksmiðjustjórnarinnar hafi, sökum ljelegs símasambands þegar jeg talaði við hann, ekki skilið til fulls, hvað hjer var um að ræða.

Það sem að mínu áliti þarf að gera áður en endanlega er gengið frá reikningunum, er að láta framkvæmdarstjóra áætla tapið eins nákvæmlega og hægt er, og síðan þegar formlegt samþykki fjármálaráðherra er fengið, að færa tapið á stofnkostnað. Auðvitaf þarf að senda ráðherra beiðni frá okkur í stjórninni, helst með samþykki endurskoðenda, um það, að áætlað tap verði fært á stofnkostnaðinn. Þar sem þessi beiðni kom ekki með síðustu ferð að norðan, eins og jeg hafði búist við, þurfti hún auðvitað að koma sem allra fyrst. Út í ástæðurnar fyrir henni þarf jeg ekki að fara við ykkur.

Sá gustur, sem jeg hefi orðið var við hjá ykkur í garð endurskoðenda verksmiðjunnar, sýnist mjer með öllu ástæðulaus, og leiðinlegt upp úr þurru að vera að stofna til ágreinings. Læt jeg svo útrætt um reikningana, en vil minnast nokkuð á skýrsluna.

Mjer sýnist óþarfi að fara út í sögu verksmiðjusmíðarinnar, þó sjerstaklega á þann hátt sem gert er í skýrslunni.

Eftir því sem jeg veit best hefur Ottesen framkvæmdarstjóri ekki starfað við síldarverksmiðjur, fyr en hjá Dr. Paul 1927 og síðan. Þess vegna alveg rangt að segja, að hann hafi starfað við síldarverksmiðjur í 18 ár. Þetta segi jeg alls ekki í þeim tilgangi að rýra álit Ottesens, því að jeg álít að hann hafi reynst vel í starfi sínu, sem framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar, en ónákvæmni af þessu tagi ætti ekki að standa í skýrslunni.

Óviðkunnanlegt finst mjer, að Schrezenmeier, verkfræðingur, er kallaður vjelfræðingur í skýrslunni.

Sagt er á bls. 2 í skýrslunni, að verksmiðjustjórnin hafi áætlað hráefnisverð síldarinnar kr.7,oo pr. 135 kg, en þess er ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

getið, að af áætlunarverðinu var ekki útborgað nema kr.4,5o pr. 135 kg. mál eða kr.4,4o pr. mál, þegar búið var að draga flugskattinn frá.

Þá er sagt að þau skip, sem samið höfðu við verksmiðjuna hafi heimtað móttöku. Rjett var að segja, að sum þeirra skipa, sem samið höfðu við verksmiðjuna hafi heimtað móttöku, því að hjer var ekki um öll skipin að ræða.

(~~Þá minnir mig, að móttaka síldar hafi byrjað 18. júlí, en ekki þann 19. eins og segir í skýrslunni.~~)

Ofarlega á 4. síðu í skýrslunni stendur: " hvert mál = 8.601390 kg. " , en á að vera samtals kíló : 8.601.390 .

Neðst á bls. 4 í skýrslunni, þar sem talað er um söluverðið á lýsinu, er þess ekki getið, að um c.i.f. sölu er að ræða.

Ekki get jeg fallist á, að verkalaunin hafi farið fram úr áætlun fyrir það eitt, að verkamenn voru ráðnir til 2ja mánaða, en verksmiðjan starfaði ekki nema einn og hálfan mánuð, heldur vegna þess að stundum varð ekki hjá því komist að láta vinna við verksmiðjuna um helgar, svo mikil vinna lenti í 36 stunda sunnudeginum siglfirska, með 3ja krónu kaupi á klukkutíma. Einnig vegna þess, að þar sem verksmiðjan tók ekki á móti nema ca 63.000 málum í staðin fyrir áætluð 100,000 mál, þá skiftist vinnukostnaðurinn, sem er að miklu leyti sá sami þóttmálatalan breytist nokkuð, á færri mál. Annars býst jeg við, að vinnulaunin hjá ríkisverksmiðjunni verði ekki hærri pr. mál, en hjá hinum verksmiðjunum á Siglufirði.

Á bls. 5 í skýrslunni er þessi setning: " Eins og fyr getur var sala á þeim tíma ómöguleg fyrir það verð, sem verksmiðjan yfirleitt vildi fá ........... nema gegnum umboðsmenn sína." Setningin falli burt, en í staðinn komi: Mjög erfitt reyndist að selja lýsið. Þegar við bjuggumst við að fá ákveðið verð fyrir ákveðna fatatölu, fór oft svo, að þegar á átti að herða kiptu kaupendur að sjer hendinni og vildu ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaupa, þannig drógst salan á langinn.

Loks er sagt, að stjórn verksmiðjunnar hafi selt 6.000 föt, fyrir milligöngu formanns verksmiðjustjórnarinnar. Jeg veit ekki til, að selst hafi sjerstaklega fyrir atbeina formanns nema 3.000 föt, sem að vísu voru seld fyrir milligöngu Schimmilhag & Holm, Kaupmannahöfn, fyrir £ 9-0-0 pr. tonn c.i.f. Kaupmannahöfn og Árósum, og finst mjer engin ástæða til að fíka því.

Meðstjórnendum mínum til hægðarauka hefi jeg skrifað skýrsluna upp í heilu lagi í því formi, sem jeg vil hafa hana og fylgir skýrslan hjer með.

Með brjefi d. 26. febrúar hefir fjármálaráðuneytið tjáð mjer að það fallist á að verksmiðjan þurfi ekki að greiða vexti af stofnkostnaði, afborganir, fyrningar og varasjóðsgjald fyrir árið 1930. Er þetta svar komið í tilefni af brjefi, sem jeg skrifaði fyrir hönd verðsmiðjustjórnarinnar í samræmi við það, sem jeg hafði talað um við formann og endurskoðendur verksmiðjunnar.

Læt jeg svo staðar numið, en vænti að tillögur mínar verði teknar til greina.

Virðingarfyllst

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 9/4 1931

Kæri bróðir,

Jeg þakka þjer brjef þitt dagsett 30. marz, sem jeg fjekk í gærmorgun.

Jeg rakst á Ólaf Lárusson inni í Landsbankanum í gærdag. Sagðist hann hafa fengið brjefið og umsóknina frá þjer, en sjálfur kvaðst hann ekki vera í háskólaráðinu núna, þar væru Magnúsar Jónssynir tveir, Ágúst Bjarnason og Sigurður Sívertsen og einn hinn, sem jeg ekki man hver var. Sagði hann að í ráðinu væri skiftar skoðanir um það hvort heldur ætti að veita fáa en háa styrki úr Sáttmálasjóði eða skifta styrkjunum í marga smá styrki. Sjálfur vildi hann láta veita háan styrk, vegna þess, að þá fyrst gæti styrkurinn komið að gagni að eitthvað munaði um hann. Sagðist hann mundu taka þinn málstað eftir því sem sjer væri unt, þótt hann væri utan ráðsins, en ekki var hann alveg viss um, að þú myndir

2/

fá hér umtöluðu fjögur þúsund, vegna þessarar smádeilis stefnu nefndarinnar, en sagði að því væri hinsvegar alveg víst að fá 2.000.00 kr. að minnsta kosti.

Héðan er lítið að frjetta. Þorskalýsisverð hefur hækkað nú síðasta mánuðinn úr kr. 0.60 kg. upp í kr. 1.00 kg. og fiskverð hefur hækkað á fullstöðnum söltuðum þorski úr kr. 0,24 pr. kg. upp í kr. 0.29 pr. kg. Hinsvegar hefur ekki nema lítil hækkun gert vart við sig á síldarlýsi.

Max Pemberton byrjaði saltfiskveiðar eins og nær allir trawlararnir þann 19. marz. Kom Max af veiðum í gær úr 3. túrnum síðan hann byrjaði. Er hann nú búinn að fá 180 föt af lifur (í hverju lifrarfati eru 165,9 litrar) en öll er lifrin brædd um borð. Samtals hefur Max Pemberton nú aflað minsta kosti 250 smálestir af fullstöðnum þorski, sem ætti að vera 75 þúsund króna virði nú áður en farið er að verka fiskinn. Er þá útkoman góð yfir þann tíma, sem liðinn er enda er Max nú með aflahæstu skipunum. Veðráttan hefur verið misjöfn og mikið

3/ veiðarfæratap.
Dragnótafrumvarp Haralds Guðmundssonar var drepið frá 2. umræðu ígær, eftir að rætt hafði verið um það í 2 daga frá kl. 1–4. Var það felt með 18 atkv. : 7. Var faðir vor aðalmótstöðumaður frumvarpsins og sá sem mest talaði á móti því. En aftur á móti veitti Jón Ólafsson Haraldi stuðning nú eins og áður í þessu máli. Halldór Steinsson var mjög ákveðinn á móti frumvarpi Haralds og þótti vænt um málalokin.

Eins og þú veist hefur Jónas og hans áhangendur viljað bola pabba frá þingmennskunni og munu flestir þeirra sem sóttu flokksþing Framsóknar úr N.-Þingeyjarsýslu sem staðið hefur yfir nú í hálfan mánuð og er nú um það bil að [illegible] hafa verið Jónasi fylgjandi í því, að minsta kosti til að byrja með, enda þeir valdir með tilliti til þess að svo væri. En nú hefur afturkippur komið í þá svo það lítur út fyrir að flokkurinn muni bjóða pabba fram áfram, þótt það sje enn þá ekki fastákveðið. En auðvitað vill pabbi fá það ákveðið strax og býst jeg við að svo fari að það verði ákveðið næstu daga!

Þótt fiskverð hafi hækkað undanfarið hafa verið hin megnustu peninga vandræði! Hjá

4/

útgerðarmönnum, enda hefur gengið mjög tregt að fá lánað út á fiskinn. Landsbankinn hefur lánað kr. 45.00 (í fyrra kr. 60.00) út á skpd. af fullsöltuðum þorski, þeim sem fengið hafa, en Útvegsbankinn hefur ekki getað lánað sumum gömlum viðskiftamönnum sínum neitt út á fiskinn og hefur vísað þeim til Landsbankans, en Landsbankinn svo aftur sagt þeim, að þeir yrðu að vera áfram í Útvegsbankanum, þótt þar væri ekkert að fá. Sýnist mér þetta skollaleikur Landsbankans til að breiða yfir getuleysi sitt, sem seðlabanka, því að mér sýnist hann bera skyldu til að endurkaupa vel tryggða víxla af Útvegsbankanum, eins og þá sem hér er um að ræða.

Aðfaranótt 8. þ.m. varð Guðjóni Halldóri gamla bóka bráðaður og stundilegan bandóður. Reyndist hann inn í svefnherbergi þeirra Maríu gömlu frá Hlíði og Halldórs, flaug á þau, beit, reif og klóraði. Annar liggjandi [illegible] í húsinu varð var við hvað á gekk en leist ekki á að fara einn síns liðs á móti hinum brjálaða manni, en hljóp út að sækja hjálp og fór í það nokkur tími. Þegar hann kom til baka með hjálp lá hún tryllti maður

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 29/1 1931

Svarað 17.2.'31

Kæri bróðir,

jeg þakka þjer fyrir nýárskveðjuna frá þjer & Co, en þó merkilegt sje kom hún ekki fyr en í morgun, en yngri brjef voru komin fyrir löngu. Jeg hefi einnig fengið þýsk blöð, sem jeg þakka þjer fyrir.

All umhleypingasamt hefur verið hjer síðan um nýár, einkum í fyrri viku. "Ulv" fisktökuskip Kveldúlfs er nú talið af. Fór það frá Siglufirði þriðjudaginn 20. janúar og átti að halda beint til Súgandafjarðar og síðan til Reykjavíkur. Voru þrír farþegar á skipinu, Hreggviður gamli Þorsteinsson, Jón Kristjánsson, kyndari hjá Dr. Paul, og Aage Larsen bróðir Larsens píreygða, sem lengi hefur verið hjá Halldóri Guðmundssyni. Ennfremur var ísl. leiðsögumaður á skipinu Ólafur Guðmundsson, sem kvað hafa verið lengi hjá Kveldúlfi. Komið hafði til mála að síldarverksmiðju- Ottesen færi með skipinu suður, til þess að vera hjer við endurskoðun síldarverksmiðjureikninganna, og hafði mjer dottið í hug að fara norður um daginn með Dettifossi og koma aftur með Ottesen á þessu skipi, en sem betur fór varð ekkert úr því.

Ulv Jónsson komst í sparisjóðsdeild Landsbankans í haust og hefur starfað þar þangað til alveg nýlega, að upp komst að hann hafði falsað 3 ávísanir í sparisjóðsdeildinni. Tvær ávísanirnar hafði hann gjört í nafni Þorsteins í Þórshamri og eina í nafni Torfa Jóhannssonar. En upphæð hinna fölsuðu ávísana mun vera innan við þúsund krónur. Gunnar son Þorsteins grunaði Úlv strax, þegarhann heyrði hjá föður sínum, að fals -aðar ávísanir hefðu verið gefnar á reikning hans og fór Gunnar til Úlv og bar þetta upp á hann, en Úlv harðneitaði, þótt hann hinsvegar yrði ekki neitt vondur. Kæri Þorsteinn síðan til ~~xxxxxxx~~ bankastjórnarinnar, en hún fjekk málið lögreglunni til rannsóknar. Voru allir starfsmenn sparisjóðsdeildarinnar yfirheyrðir, en hann af ásettu ráði geymdur þar til síðast vegna þess að grunur hafði þegar fallið á hann. Þegar Gústaf, sem yfirheyrði fyrir lögreglustjóra, kom að Úlv sagði hann honum að böndin hefðu borist svo að honum, að hann neyddist til að setja hann í gæsluvarðhald, ef hann meðgengi ekki strax, meðgekk Ulv síðan fölsunina hiklaust. Búast menn við að ómögulegt sje að forða honum frá fangelsi lengur.

Gestur Pálsson var spurður um það á götu í dag hvort hann hefði heyrt þetta með "Ulv" sagðist hann þá hafa heyrt að farið væri að reka úr honum norður á Ströndum, en það var þá Ulv Jónsson, sem átt var við, en Gestur hafði ekki heyrt að neitt væri athugavert við hann.

Gísli Magnússon var að fá útborgaða í dag vátryggingar upphæð Óskars, sem strandaði í haust. Hjer safnast rukkarar, sem Gísli hefur hingað stefnt.

Inga biður að heilsa þjer og Rut, og jeg honum

Sæll og blessaður

Sveinn [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/

ofan á Halldóri gamla mitt í stórum blástrolli, og María gamla var öll rifin og bitin. Hafði hann ódi bitið stykki úr nefi þeirrar kerlingar og étið og leikið hana svo herfilega, að ~~sem sagt~~ þeir sem séð hafa þau kunnu segja, að þau verði ekki með öllum lífið.

Sá sem lengst lifað hefur var bróðir Ólafs Einarssonar læknis og Pálma búfræðings og þá víst líka Jósefs sáluga, sem stúdent varð með okkur. Hafði hann ekki hent sér neins meins fyr en nú, nema hvað hann upp á síðkastið var farinn að hneigjast að andatrú og hafði verið farinn að skrifa ósjálfrátt. Ekkert hefur verið sagt frá þessu í blöðunum.

Hallur Bjarnason er nú orðinn norðurvegurinn frískur og er hann á leið hvervetna að tala um að hann muni skrifa þér. Halldór þakkar fyrir kveðjuna frá þér og biður að heilsa.

Inga var að koma hingað og biður hjartanlega að heilsa þér.

Með bestu kveðjum
Þinn Hannes

P.S. Eg hefi sendir þér kveðju og sömuleiðis áritaða mynd af Guttormi, sem Þorkell frá Fjalli hefur látið prenta. Sit Ben

079 Telegramm

# Deutsche Reichspost

aus reykjavik 7060 12 23 1156 =

bjarni benediktsson mommsenstr 30.3 berlincharlottenburg =

Berlin-Charlottenburg 2

Aufgenommen
Tag Monat Jahr Zeit
23/4 1718
von durch

BERLIN-CHARLOTTENBURG 23.4.31. 5 30N

Befördert
Tag Zeit
an durch

sveinn dettifossi hamburg berlin gledilegt sumar =
benedikt +

~~30.3 sveinn +~~

C187 Din 476

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

070 Telegramm

# Deutsche Reichspost

aus hamburg 53407 11 27 1125 =

bjarni benediktsson

mommsenstr 39/3

berlin charlottenburg =

Berlin-Charlottenburg 2

Aufgenommen

Tag Monat Jahr Zeit

27/4 1205

von durch

Stamp: Berlin Charlottenburg 27.4.31.12

Befördert

Tag Zeit

an durch

komme zum berlin lehrterbahnhof 16.43 = sveinn +

39/3 ~~16.43~~ +

C187 DIN 476

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 1. júní 1931

Kæri bróðir!

Kærlega þakka jeg þjer fyrir viðtökurnar og er það sannarlega annað, sem jeg skrifa þjer, en við hefði mátt búast.

Ferðin heim gekk mæta vel. Fengum við að vísu storm yfir Eystra-Saltið og varð jeg þar lítið eitt sjóveikur, en annars ekki. Frá Trelleborg til Málmeyjar var jeg samferða sænskri frú, sem kom frá Wiesbaden. Gaf hún sig á tal við mig og þegar hún heyrði að jeg væri Íslendingur komst hún öll á loft, því henni þótti svo merkilegt þeir skyldu líta út sem aðrir menn. Kaupmannahöfn sýndist mjer í samanburði við Berlín svipuðust Siglufirði í samanburði við Reykjavík. Nielsen framkv.st. „Salgcentralen" í Oslo tók mjer tveim höndum og ók mjer í sínum eigin bíl upp fyrir Holmenkollen og alla leið upp í svo nefnt Frognesæter, þaðan var ljómandi útsýni yfir borgina. Öðru leyti ekkert frá ferðinni að segja, nema hvað mjer fanst Tivoli ómerkilegt.

Jeg fór norður nú í síðustu viku

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og kom að norðan með flugvélinni. Mestu varðaði enn fyrir Gjáanlegt fyrir síldarútveginn í sumar.

Hjer er mest hugsað um kosningarnar. Í Reykjavík er talið að komast verði 3 af sjálfstæðinu og einn af jafnaðarmönnum. Í Hafnarfirði er jafnvel talið líklegt að Stefán Jóhann falli og Bjarni Snæbjörnsson ~~[illegible]~~ kosningu. Ólafur Thors viss. Pjetur Ottesen viss. Bjarni á Reykjum talinn viss. Halldór Steinsen talinn hafa mestar líkur í Snæfellsnessýslu, annars Jón Bald., en Hannes dýral. komi ekki til greina. Sig. Eggerz talinn viss. Líklegur Bergur í Barðastrandas. Ásgeir, Jón Auðun og Tryggvi vissir. Talið líklegast að Hannes falli en afleitt að Guðmundur nái kosningu aftur, samt vafasamt. Magnús G. viss en ekki alveg útilokað að Steingrímur á Hólum geti orðið hættulegur fyrir Jón á Reynistað. Bernharð, Einar og Ingólfur vissir. Hefi ekki gleggri frjettir úr N. M. en býst við pabbi verði kosinn. Árni Múli kvað hafa von fella Halldór. Talið líklegt að Ingvar P. falli og þá líklega fyrir Sveini Pálssyni. ~~Bæði Sveinn og Englendingar hafa [illegible]~~ Þorleifur viss. Óvíst um Lárus. Jón Ól. viss líklega Gunnar annars Skúli. Jörundur viss Eiríkur hefur „chance" Jóhann viss. Bið heilsa Jóni Bl. og þaraðauki greiddir honum þ. 90 mörk fyrir grammofóninn þinn mín vegna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 10. júní 1931

Kæri bróðir!

Jeg sendi þjer hjermeð kr. 2000.00 sem jeg hefi tekið á móti af styrk þínum úr Sáttmálasjóði. Pjetur Sigurðsson útborgaði þessa upphæð, en biður þig að senda mjer umboð sem leggja megi með þeirri kvittun er jeg gaf fyrir þína hönd.

Næst, eftir því sem P. Sig. bjóst við, afgangurinn af styrknum ekki greiddur fyr en eftir heimkomu þína.

En ekki ætti það að þurfa að verða þjer til baga, þar sem þú getur fengið fje eftir þörfum hjá frænka og Halldóri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða þá eitthvað hjá mjer til qvittu síðar meir. Halldór og frænka hafa bæði verið að tala um að senda þjer peninga núna, en jeg hefi sagt að þú þyrfti ekki á svo stöddu.

Væri annars gott að þú segðir hvenær þú byggist við að þurfa viðbót við þá sendingu er þú færð nú.

Um úthlutun á Sáttmálasjóðs-styrk mun það ennþá og þó víst venja að ½ styrkurinn fáist ekki greiddur fyr en síðar, þegar styrkþegar hafa gefið skýrslu um för sína, ef um annað hefði verið talað við þig þá láttu mig vita.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjeðan er annars ekkert að frjetta,
allt óvíst um kosningarnar.

Þær breytingar á horfum síðan
jeg skrifaði. Að óvíst muni um
Dalasýslu, Torfi kvað hafa „chance"
í Mýrasýslu, meiri líkindi fyrir Gísla
í Vestur Skaftafells. Hefi lítið
frjett úr N. Þing., en úrslit
þar munu vera óviss.

Jónas og Gísli „Tímadálkar" voru
aptur og stappaðir niður á
fundi í barnaskólaportinu í
gærkveldi. Kvað svo ramt að
því að þeir fengu ekki hljóð
til að segja eina einustu
setningu. Aptur fjekk Helgi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brim ~~nokkurn~~ eftir nokkurn-
veginn sæmilegt, hljótt og kommin-
istar gátt. Jeg sá á föstu

grein um síldarnikisfólkuna í
Morgunblaðið á Sunnudaginn var.

Þeir hafa nýlega tveir loft-
skeytamenn Magnús Einarsson frá
Flatey og Kapteinn í Holmi
beðið bana af áfengiseitrum.
Heyrt hefir að þeir hafi verið
um blýeitrun að ræða úr
áti, sem íslenzkt heimabrugg
sem menn eiga að hafa
drukkið, hafi verið sett á.

Bið að heilsa Heiðrúnu og
Jóni
Þinn
Svanur

047 Telegramm

# Deutsche Reichspost

aus ·reykjavik 6609 38 18 2 5 =

benediksson mammsenstrasse

39 berlin =

Berlin-Charlottenburg 2

BERLIN-CHARLOTTENBURG 18.6.31. 3 30 N

Aufgenommen

Tag Monat Jahr Zeit 18/6 1520

von durch

Befördert

Tag Zeit

an durch

kosningaurslit framsokn hreinan meirihluta pabbi

254 bjoern 344 kosnir 17 framsokn 11 sjalfstaedi

3 althyda atkvaedamagn 15591 sjalfstaedi 10798 framsokn

5650 althyda 906 kommunistar otalid eyjafirdi sudurthing

norduris stranda rvikurmagn 5568 2628 1234 251 +

39 254 344 17 11 3 15591 10798 5650 906

5568 2628 1234 251 +

C187 DIn 476

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Berlin | 8.30 | – | 18.45 |
| Warnem. | 12.19 | | 22.40 |
| Gjedser | 14.55 | | 1.30 |
| K. | 18.50 | | 6.05 |

| | |
|---|---|
| Berlin | 10.05 |
| Sassnitz | 15.40 |
| TN. | 20.26 |
| M. | 21.29 |

Malmö 21.55

Berlin 9.05

30.40

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 30. júní 1931.

Kæri bróðir! Jeg fer nú að halda norður, samt líklega ekki fyrr en 7. júlí með Íslandi. Verð líklega fyrir 6 báta í sumar, hvort ýmist strandaðir rekur á land eða fara ekki. Býst við að láta nægja að hafa Svein Jónsson til aðstoðar, ef hann fer eins og líkur eru til. Síldarverksmiðja ríkisins greiðir kr. 3.00 f. málið við afhendingu. Hinar verksmiðjurnar á Siglufirði bræða ekki síld í sumar, en vinna að beinamjöli = fiskimjöli. Aftur á móti gengur Sólbakka verksmiðjan og greiðir 5.00 kr. f. málið. Hesteyri tekur aðeins af Kveldúlfsskipunum. Krossanes kvað borga 3.50 kr. pr. 150 kg.

Nú er fyrir löngu frjett um úrslitin í kosningunum. Kom Sjálfstæðismönnum hjer í Rvík þessi úrslit mjög á óvart. Sýnir þessi útkoma jafnframt því hvað hún kom mönnum á óvart, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur, eða rjettara sagt foringjar hans hafa, ekki vitað hvar þeir stóðu. T.d. höfðu þeir von um Hákon í Haga, sem ekki fjekk nema rúm 300 atkvæði á móti 800, sem Bergur fjekk. Eftir kosningarnar hafa Varðarmenn haldið nokkra fundi í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsi sínu. Hafði ég sagt, að á fyrsta fundinum hefði Jón Þorláksson lýst ánægju sinni ~~fyrir~~ yfir kosningunum. Ég kom inn á einn fundinn nokkru fyrir fundarlok. Lentu þeir þar í hnakkrifrildi Thor Thors og Guðmundur Jóhannsson, út af því hvort Guðm. hefði haft niðrandi ummæli um miðstjórn Sjálfstæðisflokksins utan funda. Átti Guðmundur að hafa sagt stjórnina með öllu ómögulega, það yrði að hreinsa til o. s. frv. Þessu söguburði harðneitaði Guðmundur. Samt mun honum ekki hafa verið mjög fjarri að mæla á þessa leið, því að bæði í samtali við mig og Bjarna Guðmundsson hefir hann látið í ljósi mikla vanþóknun sína á flokksstjórninni. Erum við sammála honum um það, að frámunalegt skipulagsleysi eða öllu heldur algjört afskiftaleysi um undirbúning kosninganna úti á landi í tæka tíð, hefur átt mikinn þátt í ósigri flokksins, þótt það sé auðvitað, að mest stafar ósigurinn af hinni ranglátu kjördæmaskipun, samfara ofurvaldi Sambandsins. Eitt af þeim gullkornum, sem komu frá Thor Th. á fyrrnefndum fundi var: ósigur flokksins og gengisleysi væri því að <u>kenna að flokkinn hefði skort „stór hugsjónamál“</u>. Nú kvað hann flokkinn hafa fengið eitt „stórt hugsjónamál“ til að berjast fyrir, sem væri breyting á kjördæmaskipuninni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/

sem gæti að halda fast fram á hvenju, sem gengi. Guðmundur Jóhannsson sagði að flokksstjórninni hafi verið boðið, að sendir skyldu 12 menn út á land í marz-mánuði í vetur til að agitera, einn þeirra átti að vera Gústaf Adolf Sveinsson. Þessir menn skyldu sendir stjórninni að kostnaðarlausu. Samt sem áður hafnaði flokksstjórnin þessu boði af óskiljanlegum ástæðum. Þarf ekki blöðum um það að fletta að undirbúningur Sjálfstæðisflokksins undir kosningarnar hefur verið óforsvaranlegur. Á fyr nefndum fundi var kosin nefnd til að athuga hvernig best væri að haga kosninga undirbúningi út á landi. Voru kosnir í nefndina Gústaf Sveinsson, Guðm. Jóhannsson og man jeg ekki í svipinn hver var þriðji maður. Nýlega hefi jeg haft tækifæri til að athuga stjórn í „Morgunblaðsins" nokkru nánar en áður. Svo var mál með vexti, að í blaðinu 19. júní birtist grein „Hættuleg landhelgisgæzla" eftir okkar Bjarna Guðmundsson. Var þar meðal annars sagt, að þegar sjerstaklega stæði á eins og t.d. á Dýrafirði í vetur er „Ægir" tók 9 togara, sem leitað höfðu þar hafnar undan veðri en höfðu umbúnað veiðarfæra ekki í fullu lagi, þá ekki varðskipsforingjanum að láta nægja að gefa áminningu á staðnum, en ekki draga

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(enda hafa skipstjórarnir á varðskipunum aðrir en Einar Einarsson haft frá að færa, undir sömu kringumstæðum, skipin til ábyrgðar fyrir dómara). Þessari skoðun sá Guðm. Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri, ástæðu til að mótmæla, sem hinni mestu firru, og lögleysu. Gerði hann það í Morgunblaðinu 21. júní. En nú vildi svo vel til fyrir okkur Bjarna, að í „The Fishing News" frá 13. júní, sem ég hafði séð, var skýrt frá því að íslenska stjórnin hefði lofað, í tilefni af kvörtunum yfir þeim þungu sektum sem enskir togarar hefðu sætt nýlega fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra, að eftirleiðis skyldi togarar ekki dregnir fyrir dómara þótt umbúnaði veiðarfæra væri áfátt, ef foringjar varðskipanna tækju gilda skýringu togaraskipstjóranna um, að þeir hefðu ekki haft landhelgisveiðar í hyggju og skyldu skipstjórarnir undir þessum kringumstæðum aðeins áminntir af varðskipsforingjunum, en undir engum kringumstæðum dregnir fyrir dómara. Hafði Guðm. skrifstofustjóri því gengið hér illilega í gildru að lýsa það ólöglegt, sem hans eigin ráðuneytisdeild var búin að skuldbinda sig til að gera. En það skammarlega er að hér sýnist eins komið fyrir landinu og manni, sem neyddist til að gefa yfirlýsingu um það í blöðunum að hann skyldi ekki stela. Við Bjarni skrifuðum rækilegt svar við grein Guðmundar. Sýndum við Jóni Kjartanssyni það. Honum fannst

3/

Svarið gott, en að ekki mætti leyna því af því að það myndi móðga Guðm. Sveinbj. en þá var á förum úr bænum og sagðist ekki mundu skifta sjer af þessu frekara, þar sem hann væri að fara. Reyndum við nú að hitta Valtý, en það tókst ekki þrátt fyrir margar tilraunir. Loks gáfumst við upp á leitinni og bað jeg Árna Óla fyrir handritið af greininni sem auðvitað var ekki með minni hendi. Eftir tvo daga hitti hann Valtý, sem þá fyrst sá greinina og þótti málið mertilegt en vildi móðga G. S. með greininni heldur skrifa nýja grein eða greinar upp úr henni en ekkert varð úr framkvæmdum. Þessvegna vildi jeg fá greinina aftur, en síðustu þrjá daga hefi jeg ekki getað fundið Valtý til að ná greininni af honum. Sýnist mjer af þessu og fleirum að stjórnin á blaðinu sje ekki betri en á flokknum. Væri nokkur kraftur í Sjálfstæðisflokknum ætti hann að koma upp pólitísku eftirliti á öllum kaupum landbúnaðarafurða til bæjarins sarfjem santina frá höfnunum æsa ef hægt væri jafnaðarmönnum upp í verkfall á Sambandið og láta einskis ófreistað til þess að Tímanum gefist ekki færi á að æsa Reykvíkinga hverja upp á móti öðrum. — Heldur heimta nú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tafarlaust kjördæmaskipun, sem byggist á fullkomnu lýðræði. Með áframhaldandi vettlingatökum og sinnuleysi er flokkur vor búinn að vera, því menn missa ósjálfrátt alla virðingu fyrir þeim, sem endalaust lætur troða á sjer, án þess að sparka á móti. Sýnist mjer að hjer þurfi skjótra aðgerða ef allt á ekki að vera fyrir gýg.

Vertu svo sæll og blessaður

þinn

Sveinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessi mynd er af Síldarv. Ríkisins á Siglufirði tekin um 20. ág. s.l. 1931.

Jeg þykist þekkja sjálfan mig á myndinni, fremst á bryggjunni framan undan lýsisgeymunum. Er jeg þar að fylgja stúlku umborð í einn mótorbátinn.

Sv. Ben.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 16. Sept. 1931

Skrifa 29. sept. '31.

Kæri bróðir!

Langt er nú orðið síðan jeg skrifaði þjer síðast. Veldur það mestu um að á Siglufirði kemst maður í það skap og umhverfi, sem gerir brjefa-sendingar lítt möguleg a.

Svo er frá því að segja að jeg við Bjarni Guðmundsson, sem þú munt frjett hafa að var hjá mjer í sumar, fórum norður 7. júlí. Komum við heim aftur þann 7. Sept. s. l., en sjálfur hafði jeg komið hjer tvisvar í sumar. Í annað skiftið,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/

með formanni Eyjólfssyni, sem nú telst vera mikill vinur minn forátt fyrir ósamkomulag s.l. vor. Fórum við formenn saman til að reyna að spilla fyrir kosningu Erlings Friðjónssonar og B. Lindals í útflutningsnefnd Síldareinkasölunnar. Fékst einnig okkar að því leyti að Erlingur varð ekki endurkosinn og síðar á þinginu var gerð breyting á einkasölulögunum, þannig að Alþýðusambandið kýs sjó fulltrúa og útgerðarmönnum sjó og þessir tjórðan velja síðan tjóra útflutningsnefndarmenninna með hlutfallskosningu, en að minnimála ráðherra tilnefnir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann fiminta. Ekkert
skal jeg segja um hvernig
þetta nýja fyrirkomulag
reynist, en varla getur
ástandið versnað frá því
sem það nú er. Ólagið
á Einkasölunni sýndist með
mesta móti í sumar svo
sem þú munt hafa sjeð
af skeytum frá Siglufirði og
Akureyri. Frjettaritari á
Siglufirði er Jón Jóhannesson
matsmaður, sem þú kannast
við og sendi hann flest skeytin
í samráði við mig. Einnig
sendi jeg um 10. Júlí ýtarlegt
skeyti frá Akureyri. Var
það mest á Ostensfjölunum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/

og sagt að það væru verstu
Tunnur sem til landsins
flyttust. Var máske full
djúpt tekið í árinni, þótt
tunnurnar þykti ekki góðar.
En Jóhannes þessi Östensjö
frá Haugesund, sem tjer
átti hlut að máli, kom
til Akureyrar og Siglufjarðar
í sumar. Var hann þessum
ummælum hins ~~reið~~ráðsta og
fjekk Böðvar Bjarkan til
stefna frjettaritara Morgunblaðsins
á Akureyri til álygðar.
Frjettaritari „Mogga" þar er
Gunnlaugur Tryggvi ritstjóri
Íslendings.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann sagði strax Böðvari að
jeg hefði samið skeytið og hann
aðeins sent það eftir beiðni
minni en jeg sagði aftur
B. að jeg hefði hitt Gunnl.
Tryggva og sagt honum frá
Östensjötunnunum sem
jeg að maklegleikum hefði
talað illa um, en neitaði
að eiga þátt í samningu
skeytisins. Hið sanna er
að jeg samdi skeytið og
skrifaði Gunnl. Þórðarson-
það niður samkvæmt
fyrirsögn minni í viður-
vist Gunnlaugs Tryggva.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6/

Auðvitað var það tekið fram af mjer við G. að skeytið yrði að skaðast, sem komið af honum og á hans ábyrgð, en einhvernveginn fjekkst hann hafa gleymt því eða misskilið þótt hann síðar breytti umsögninni um skeytið í þá átt sem jeg vildi vera láta.

Lýgnist mjer Gunnlaugur þessi heldur ámur og af sama sauða húsi og Sviðbjörn Nielsen hinn margrændi ritstjóra nefnda Siglfirðings.

Svo jeg víki að bladaskosti.)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sjálfstæðisflokksins þá sýnist
mjer hann allur hinn aumasti
þótt Moggi sje samt
stærstur. Nýlega sá jeg
t. d. í blaði Anna frá Múla
á Seyðisfirði langa grein um
það að stjórnin þyrfti
um fram allt að vera einlit
þá yrði stjórnin sterkust og
það þyrfti hún umframalt
að vera. Síðan talað um
hina veiku stjórn, sem sett
væri saman úr andstæðunum;
Jafnaði og „Vogur" heiðursfje-
laga* „Sjálfstæðisflokksins".
sic!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8/

Sýnast mjer skrif af þessu tagi
all tilgangslítil og heimskuleg, því
að það sem Sjálfstæðisflokkurinn
þrýtur að leggja áherzlu á er
að stjórnin sje samgjörn, en
þess er ~~ógjet~~ víst að vænta
af ein litri sterkri flokks-
klíku stjórn. Samnzýna stjórn
gatinna
hafnarmanna synist mjer
að eigi að vera krafa „Sjálf-
stæðisins" hvernig sem það
sjálft kynni að beita völdunum
ef það einhverntíma næði
þeim. En í þeim hóp
þar sem Moggi er bestur
sýnist mjer ekki blaða
byrlega til sigurs.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mjer dettur í hug greinin „Hátíðleg landhelgisgæsla" sem þú minntist á í brjefi þínu til Bjarna Guðmundssonar. Talaðir þú þar um að í greininni, sem þjer annars hafi líkað vel, hafi verið smávægis mótsögn eða ósamræmi. Er þar til að svara að í „Mogga" hafði alveg fallið niður heil setning svo að í greininni stóð á einum stað „fengu flestir þeirra málamyndasektir" staðinn fyrir: voru flestir þeirra sýknaðir en nokkrir fengu málamyndasektir. Auk þessa man jeg að einhver slæm prentvilla var í greininni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessi grein vakti, á sínum tíma
óvenju mikla eftirtekt. Ekki man
jeg hvort jeg hefi sagt þjer að
Halldór fjekk Baga Ól. til
að þýða greinina á ensku og
hafði með sjer til að sýna
kunningjum sínum í siglingunni
í sumar.

Það vil jeg taka fram um
Bjarna Guðmundsson að ekki
sýnist mjer hann, að minsta
kosti, enn sem komið er
fær til að rita grein um
alvarleg málefni, sýnist vera
um of laus í rásinni og
vanta dómgreind um það
hvað við á, einnig skorta
þekkingu á því sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að mínum dómi er ómissandi fyrir blaðamann og þó fyrst og fremst á stjórnmálum og atvinnulífi.

Held jeg að með aukinni reynslu og með forsjá góðra manna geti vaxið úr honum. Var jeg heldur leiður á honum framan af í sumar en sýndist breytast til bóta er á leið.

Við Bárður unnum hjá Ollesen-verksmiðjunni Stjörnu greiddum 4 Kr. á dag hvor og fengum hinn besta mat.

Einar Olgeirsson og fylgifiskar hans hjer kvaðu boða stefnu sína af miklum ákafa hjer.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12/

Er sagt að þeim verði talsvert ágengt, sem von er með slíkri stjórn sem verið hefur á Alþýðuflokknum undan farið.

Hjer eru tveir fróðari menn í stjórnarherbúðunum og fleiri farnir að óttast gengisfall mun jeg því reyna að ná peningum þínum út frá Sáttmálasjóði ef hægt er, og senda þá til Danmerkur strax.

Þeir fyrir lægi. Einkasalan hefur greitt aðeins kr 2.00 út á tunnuna, svo afkoman er slæm hjá þeim sem mest byggðu um söltun, en þeir sem fiskuðu í bræðslu sleppa vegna feikilegs uppgripa afla [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/

Á fundi, sem haldinn var í Félagi íslenskra línuveiðara-eigenda, þ. 19. þ.m., vorum við undirritaðir kosnir í nefnd til þess að athuga framkvæmdir Síldareinkasölu Íslands og jafnframt til þess, að tala við yður út af stjórn þess fyrirtækis.

Nefndarmenn hafa allir verið á Norðurlandi síðastliðið sumar og átt kost á að kynnast þar starfsemi Einkasölunnar. Við nefndarmenn höfum, bæði hver í sínu lagi í sumar og eins allir í sameiningu í nefndinni, leitað upplýsinga hjá einstökum útflutnings-nefndarmönnum og starfsmönnum Einkasölunnar um ýms atriði í rekstri Einkasölunnar síðastliðið sumar. Í mörgum efnum höfum við fengið ýmist ófullnægjandi svör eða svör, sem hafa verið í mótsögn við það, sem okkur hafði áður verið sagt. Þessvegna leyfum við okkur að leita til yðar og biðja um yðar aðstoð til að fá upplýsingar um eftirtalin atriði:

Hvernig liggur í því, að Síldareinkasalan hefir í ár keypt nær eingöngu tunnur frá sama manni, J. Östensjö í Haugesund, án þess að gefa öðrum tunnuverksmiðjum, þótt þær væru þektar að því, að framleiða betri tunnur, færi á að keppa um verðið, svo kunnugt sé?

Hvernig stóð á því, að allar þær tunnur, sem Einkasalan keypti frá Noregi, voru fluttar með norskum veiðiskipum, eða skipum, sem komu til að sækja síld Norðmanna, en þeir eru í síldveiðunum skæðustu keppinautar Íslendinga, og þessir flutningar áttu sér stað, þrátt fyrir það, þótt Einkasalan hefði keypt tunnurnar fob í Noregi og réði þessvegna, með hvaða skipum þær yrðu fluttar?

Hvernig stóð á því, að alt tunnuefnið í 60 þúsund tunnur sem settar voru upp norðanlands, var keypt frá J. Östensjö?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/

Hvernig stóð á því, að þegar tunnuefnið reyndist illa, var J. Östensjö ekki ~~krafinn skaðabóta?~~ stefnt til ábyrgðar?

Hvernig stóð á því, að ekki voru gerðar athugasemdir við frágang á tunnum þeim, sem Siglufjarðarbær hafði látið setja saman úr tunnuefninu frá Östensjö, þótt tunnurnar væru yfirleitt lélegar og mjög margar lekar og myglaðar innan?

Hvernig stóð á því, að J. Östensjö var ekki ~~krafinn skaðabóta~~ stefnt til ábyrgðar fyrir útlát á salti, sem hann seldi Einkasölunni, þótt sannanlegt sé, með vottorði dómkvaddra manna, að salt sem frá honum kom, var blandað úrsalti og talið ónothæft til síldarsöltunar og innihélt í öðrum tilfellum 10 - 12 % vatn og var blakt á litinn?

Hvernig skýrist það, að er J. Östensjö kom til Akureyrar, eftir að upp voru komin svik hans í útlátum saltsins, sýndist hann fá hinar bestu viðtökur hjá aðalframkvæmdastjóra Einkasölunnar?

Hvaða erindi hafði aðalframkvæmdastjóri Einkasölunnar til Siglufjarðar með J. Östensjö á fund Ingvars Guðjónssonar, umboðsmanns Östensjö? - Finst okkur fylsta ástæða til, að ítarleg rannsókn sé látin fram fara á viðskiftum J. Östensjö við Einkasöluna frá byrjun.

Hvernig fer um tjónið af síldarskemdunum? - Verða síldareigendur, hver og einn, látnir bera skaðann af skemdum í síld af sínum skipum? - Eða eiga síldareigendur að bera skaðann allir fyrir einn og einn fyrir alla? - Eða bera saltendur skaðann? ~~svo sem eðlilegast er?~~

Hafa sumir síldareigendur fengið hlutfallslega meir greitt út á síld sína en aðrir?

Hafa einstakir síldarsaltendur fengið greidd verkunarlaun á síld að fullu ...

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á síld að fullu, án þess að nokkru væri haldið eftir til tryggingar fyrir skemdum?

Hvernig stendur á því, að Svíar virðast munu komast hjá að taka við miklum hluta af þeirri hreinsuðu síld, sem þeir höfðu keypt fyrirfram?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Er von um það, að síldareigendur fái meira en þær kr. 2.oo á tunnu, sem þeim hafa nú almennt verið greiddar?

Reykjavík, ~~23. september 1931~~

~~Virðingarfyllst~~

Er það satt, að brjef skostra síldarkaupmanna sem opnaði sölu á nýjum markaði hafi ekki verið mótsvarað þótt brjefið kæmi í gegnum aðalkonsúlat Breta hjer?

Hvernig stendur á því að Einkasalan hefur samþykkt ávísanir með ákveðnum gjalddaga fyrir úrstaka án þess að þeir ætti nokkuð inni hjá Einkasölunni?

Hvernig stendur á því að Einkasalan gengur í ábyrgðir fyrir úrstaka menn án þess að skulda þá fyrir ábyrgðinni um leið og til hennar er stofnað?

Rvk. 24. sept. 1931

Virðingarfyllst

Hafst. Bergs. Bj. Ben

Páll Ól.

Til Atvinnumálaráðherra

Afrit það sem jeg sendi ~~[illegible]~~ af brjefi sem við fyrst skrifuðum ~~er~~ breyttum nokkrum lítilsháttar og jukum við áður en við sendum það.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 22. nóv.

Reykjavík 25. okt. 1931

Kæri bróðir!

Jeg þakka þjer fyrir gott brjef, sem jeg fjekk fyrir nokkru.

Talsverð tíðindi hafa gerst hjer síðan jeg skrifaði þjer um miðjan september —

fyrst er Borgarhneykslið. Því hvatvíslegu ummæli Herm. Jónassonar á bæjarstjórnarfundi hjer þess efnis að (Jóhann) Hótel Borg — það er að segja þjónarnir hafi misnotað vínveitingaleyfið, leidd til þess að þjónarnir kærðu sennilega fyrir áeggjan Felixar og fleiri templara.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Annars munt þú sjá nánara
um þetta Borgarmál í blöðunum.
Í vor vorum við Bjarni Guðm.
eitt sinn inni á „Hressingarskála",
nokkurskonar matstofu í
Nathans og Olsens-húsi, er
einn af gestunum kvað við raust
þessa vísu um Jóhannes.

Jóhannes sem býr á Borg
býður mellur fínar
selur vín og kaffikorg
konu og dætur sínar.

og aðra til sem jeg man ekki
þess. Vísa er nú komin út um
alt í endurbættri útgáfu.

Jóhannes er bóndi á Borg
braukar margt um nætur
selur vín og kaffikorg
konu sína og dætur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhannes hefur (~~að því er sagt er~~) gefið vísunni byr undir báða vængi, því hann hefur, að sögn, heitið kr. 1500.00 verðlaunum þeim, sem segði sjer nafn höfundarins.

Um peningasakir okkar á milli þá er þess að geta, að jeg tók á móti styrk þeim kr. 2000.00 sjálf í þann veginn er hætt var að skrá ísl. gjaldeyri hjer, um stundarsakir.

Inneign þín hjá mjer er nú ísl. kr. 1155.44. = danskar kr. 947.00 reiknað með geng. 100 ísl. kr. = ca 82.00 kr. danskar.

En í dönskum krónum reikna jeg vegna þess að næst síðasta daginn sem ísl. mynt var seld

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með gamla verðinu.
hjer, keypti jeg ávísun danskar kr.
2500.00 og ætlaði jeg þá fyrir að
fá aftur fimm hluta af þeim.

Þessar 2500 danskar kr. geymi
jeg enn sem komið er í kassa
hjer heima, en er að hugsa um
að senda þær út á næstunni í
ábyrgðarbrjefi og leggja þær
inn í danskan banka.

Nú er komið að því sem
jeg ~~...~~ margir fleiri þóttust sjá
fyrir löngu, að Landsbankann
myndi skorta erl. gjaldeyri og
því ekki getað yfirfært. Því að
auðvitað er það vegna þess, að
stjórnin hefur nú gripið til
þess neyðarúrræðis að banna
~~opnar~~
innflutning á flestum ~~vefnaðar~~
og iðnaðarvörum og ýmsum matvörum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/

í þeim tilgangi, að spara með því
erl. gjaldeyri og koma með því
í veg fyrir yfirvofandi gengisfall.

Nú er búið að kjósa fulltrúa
Sunnlendinga í hið svokallaða
fulltrúaráð Síldareinkasölunnar,
en ráðið á að velja þrjá af
fimm útflutningsnefndarmönnum,
Hina fimm tilnefnir atvinnumála-
ráðherra.

Við Hafsteinn Bergþórsson
urðum sjálfkjörnir hjeðan. En
mér býst jeg við að við komum á
hinn væntanlega aðalfund Einka-
sölunnar til niðurrifs en
uppbyggingar.

Um aðra af þessum 14
fulltr. veit maður ekki með
vissu fyrr en eftir 5. nóv.
n.k.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á fundi línubátaeigenda var
jeg Hafsteinn og Páll Ólafsson
komnir til að tala við
atvinnumálaráðherra, sem
þá var Ásgeir, út af línuta-
ölunni. Sendum við honum
brjef sem jeg sendi. Færðu þjer
með afrit af.

Um síldarverksmiðjuna
er það að segja að hún
fjekk tiltölulega góða
útkomu á árinu, það
er að segja mikil lýsi og
mjöl í hlutfalli við hráefnis
magn.

Þau í september lét

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

silgdi þann. Eyjólfsson
móti mínum ráðum, en
samt ekki beint í forboði
mínu. Fyrst í sept. ??.
sendi hann svo okkur Guðm.
skeyti þess efnis, að hann
hafi selt 500 tonn af tank-
lýsi verksmiðjunnar, cif
Kaupm.höfn í febr. mán.
n.k. f. £ 9-10-0 pr. tonn
cif miðað við 2 % fitu sýru,
sem er mjög lágt verð. Sagðist
hann hafa orðið að svara
með ½ tíma fyrirvara og
þessvegna hefði hann ekki
getað borið söluna undir okkur.
Vorum við óánægðir með
þetta og sendum honum

skeyti þess efnis að við vildum
ekki selja meira fyrir svo
lágt verð og með svo löngum
„leveringstíma"
Nokkrum dögum seinna
kom svo skeyti frá Þormóði
til Siglufjarðar snemma
morguns þess efnis að
hann hefði fengið tilboð í
lýsið á staðnum „tankanum"
ca 300 tonn
sem eftir væri fyrir £ 9-0-0
pr. tonn cif Kbh. með afh. í
í apríl n.k. við svöruðum
sama dag kl. 1, að við værum
mótfallnir sölu, en klukkan 5
fengum við skeyti um að hann
væri búinn að selja. Ráðstafaði
Þorm. þannig því sem óselt var
af góðu lýsi hjá verksmiðjunni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.

í heimildarleysi og eftir því sem nú er komið á daginn til stór skaða fyrir verksmiðjuna.

Þetta brjef mitt sýnist mjer heldur ómerkilegt, en samt sendi jeg það nú með „Dettifoss".

Þormóður er nú kominn og ytrast ynda sinna.

Bjarni G. siglir til Parísar nú með Dettifoss.

Rútur er hjer enn, samt með fararsniði.

Sæll og blessaður

þinn

Ívar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 22 nóv

Reykjavík 11. nóv. 1931

Kæri bróðir!

Jeg skrifa þjer nokkrar línur þótt jeg eigi nú reyndar brjef inni hjá þjer.

Um daginn fór jeg norður með e/s Goðafoss og varð samskipa Þormóði og frú hans.

Erindi mitt var að vera á fundi verksmiðjustjórnarinnar er ræða skyldi um sölu Þormóðs á landspildu verksmiðjunnar. Er skemmst frá að segja að Guðm. Sk. var að vísu andstæður Þormóði og framkomu hans, en miklu ákveðnari en jeg.

Báðir vildum við og fjekkum bóka að við skoðuðum ekki sölu Þorm. gerða á hans ábyrgð. [illegible] mjer þurfa að skýra þetta nánar og vildi láta bóka í viðbót að Þ. bæri fjárhagslega ábyrgð á sölunni og skyldu bætur til verksmiðjunnar ákveðast eftir [illegible] mati, sem fáanlegt væri ~~er~~ meiri hluti stjórnarinnar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vildi selja. Til vara að þann segði
sig úr verksmiðjustjórninni.
Till. mín fjekk 1 mitt atkvæði en
G. Sk. og Þ. E. greiddu ekki atkvæði.

G. Sk. Gef bóka út af tillögu St. B.
"Jeg tel að í yfirlýsingu minni um það að
Þ. E. beri ábyrgð á umræddri sölu,
komi það fram, að hann verði í öllu
að svara til afleiðinga fyrir verksmiðj-
una út af þessu, ef krafist verður
af hlutaðeigendum.
Hinsvegar tel jeg óheppilegt, vegna
framtíðarrekstur síldarverksmiðjunnar
við þá sem keypt hafa lýsið og
að láta ónýta nú söluna, geti
Þ. E. sjálfur ekki fengið henni riftað
Jeg get þess getið að jeg gæti
fallist á yfirlýsingu Guðm. Sk. en
taldi hana ekki fullnægjandi.

Auðvitað var Þormóður mjög reiður
við mig, sem mjer þykir ekki
nema gott.

Fyrir norðan var jeg 1 1/2 dag
er austur kom átti jeg tal við Tryggva
við heyra um ákvarðanir okkar
nyrðra, áður hafði jeg sagt honum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fekk Finnur 9 atkv. en Karvel
atkvæðin þrjú. Síðar kom í ljós að
Karvel hafði gleymt að skila
sínu 6 atkv., er hann hafði
tekið með sjer að vestan.

Sýnist mjer ólíkur aumingja-
skapur hafa fengið maklegg
málagjöld er K. ~~tap~~ tapaði
kosningunni.

Mjög synast nú erfiðir
tímar framm undan hjá
flestum atvinnufyrirtækjum.
Einn og jeg þykist áður hafa sagt
þjer mun „Max Pemberton“
sleppa á saltfiskveiðunum,
enda aflaði hann afar vel
en stórtap er sjáanlegt á
ísfiskveiðunum, hygg jeg við
að það muni nema ca 30 þús
svo búast má við talsverðu tapi á
rekstri skipsins í ár. Bestu kveðjur

Þinn
Sveinn

Inga og Loftur Bj. biðja heilsa þjer og Gísla Magnúss.
frá Vestm., sem nú er staddur hjer biður mjög vel að heilsa.
Sv. Ben.

Skrifa 27/28. des.

Reykjavík 12. des.
1931

Kæri bróðir,

Jeg þakka þjer brjef þitt frá í nóvember.

Nú er Síldareinkasalan úr sögunni í bráð. Var numin úr g. ld. með bráðabirgðalögum.

Árás mín á einkasöluna byrjaði fyrir alvöru í sumar, er jeg sendi og ljet látlaust senda skeyti að norðan til þess að lýsa óstjórninni á öllum sviðum. Fregnirnar að norðan hygg jeg að hafi átt drjúgan þátt í því að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þingið í sumar breytti
einkasölulögunum og
lagði völdin í hendur full-
trúaráðsfundinum. En að
svo fór með kosningu til
þess fundar, að sjáanlegt
var fyrir fram að jafnaðar-
menn myndu ná tveimur af
7 fulltrúum ~~jafna~~ útgerðar-
manna, var að kenna
slægð Finns Jónssonar á
Ísafirði, sem var í banni
um þinglokin. Þeir Jóhann
Þ. Jósefsson og Ó. Thors
sáu ekki við honum.
Nú svo kom fundurinn

3

stærra. Fulltrúar útgerðar-
manna voru allsundurleitir
svo [þeim] þá hefur sjeð.

Mátti segja að við Hafstein
Bergþórsson drægjum þá
Ingvar, Steindór Hjaltalín og
Friðrik Steinsson á eftir
okkur nauðuga viljuga.
Mikla en endalausa vinnu gerði að við Hafstein
komumst til leiðar að fundarsamþykkt væri haldið
í horf. Þó frumdrög að tillögu til beita-
sölunnar, samið til bráða-
birgða af P.A.Ó. var
lesið upp fyrst af Steinþóri
Guðmundssyni og síðan af
Erlingi og [það sjálf vitað og] las'a var þá
útbýtt ~~sjálfu~~ á fundinum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/

Yfirlit þetta hafði átt að vera strangt trúnaðarmál. Áttum við fulltrúarnir ekki einu sinni að fá eintak af því heldur átti að sýna okkur það munnlega. En fyrir einhvern misskilning hjá Steinþóri, eða vegna þess að honum, sem rjett var, skeytti ekki um að fara eftir fyrirmælum Pjeturs, þá varð alt uppvíst.

Jeg gagnrýndi efnahags yfirlitið á fundinum og hjelt svo látlaust áfram áróðrinum og sá jafnframt um að ~~alt væri~~ sem mest yrði birt í blöðunum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú svo er útlátamanska
sjálfstæðisflokksins manna, að
þeir nentu oftast ekki að
hafa almennilega frjettaritara
á fundunum, ef þeir frá
undan nokkrum. Varð jeg
því oftast að skrifa frjettirnar
handa blöðunum. t.d. hvert
einasta orð svo að segja, sem
í „Vísi“ hefur staðið um
málið. Frásögn af
fyrsta fundinum, sem Snorra-
hagsyfirlitið var rætt á var
hafði hann Óla skrifað
talsvert „svinkaður“. Hafði
jeg inn til „Mogga“ frá kl. 10
um kvöldið og hafði hann frá

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/

skrifað þessa vitleysu. Og í efnahagsyfirlitinu varð ein prentvilla óleiðrjett, þar sem fyrir samanburð, upp á 290 þús. og önnur upp á 52 þús. Ljet jeg nú leiðrjetta þetta og fleygja öllu sem ég væri greyið hafði skrifað. Á næsta fund kom Valtýr ritstjóri og tókst allt sæmilega tjá honum t.d. náði hann varni orðrjettu niðurlagi á ræðu minni, er jeg talaði um Bankaráðlunina og gjaldþrotalögin.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg átti nokkrum sinnum tal við ráðherrana Tryggva og [illegible] út af Einkasölunni og fór alt vel á með okkur; Jónas hefi jeg ekki sjeð lengi; Hann er svo og áður oftast á ferðalögum.

Jeg hefi [illegible] orðið frægur um allan bæinn og víðar út af árásum mínum á Einkasöluna; Er jeg í svipinn sjerstaklega vinsæll hjer fyrir að hafa [illegible] uppi í [illegible].

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8/

þú heldur nú líklega, hvort sje
satt að jeg þjáist af „mikil-
mennskubrjálæði“ eins og
Ól. Friðriksson sagði í
Alþýðublaðinu. Það er engin
ástæða til þess. Ætla jeg
að blanda mjer að svo stöddu
sem minst í stjórnmálin t.d.
hefi jeg alveg neitað að tala í
„Heimdalli“ um Einkasölurnar,
og eins í „Verði“. Fullyrði jeg
hinu, að blaðamenska sjálf-
stæðismanna er svo aum, sem
framast má verða, stundum
sýnist öll hugsunin hjá „Mogga“
vera runnin út úr, jafnvel
Magnús Thorlacius prófarkalesari
hans skammaði jeg nýlega, svo

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9/ að hann er nú mjög veikur.

Peningaleysi er nú mikið allsstaðar. Hin skaðinn er sá að bankarnir hætti að geta yfirfært um áramótin.

Fullyrt er að bankastjórar Útvegsbankans hafi sett í „umferð" 500 þús. sem geymd voru innsigluð í bankanum og áttu að vera tekin úr umferð. Privat sagði Jakob Möller mjer að þetta væri rjett. Heimild hans er leyndarmál, en sagan hefur flaugið um alt. Björn heitinn gengur um laus. Einar Eadim.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/

sem var á tog í Brest er
orðinn „Virt" á Hotel
Borg. Man ekki
fleira að sinni.

Með bestu kveðju
frá
Sveini

P.S. Mikið tap er á
ísfiskveiðum „Max Pemberton"
en Halldór stendur sig vel, ef
hann verður ekki úti með
skattaháttum. Sjálfur
hefi jeg nóga peninga um
fimm þús. handbært auk
2500 [illegible] [illegible] fær allt
hluta af 5 og 20 £ á jeg í seðlum
og loks stór[?] fje útistandandi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

085 Telegramm

# Deutsche Reichspost

2116 reyjjavik 417-8-11º-11h15=

benediktsson mommsenstrasse

39 charrlottenburgberlin =

Haupttelegraphenamt Berlin

Aufgenommen 1932

Tag Monat Jahr Zeit

London Bdta

von durch

BERLIN CHARLOTTENBURG 4 11.1.32. 3 50 N.

Befördert

Tag Zeit

an durch

baldur starb heutenacht = sveinn =

ct 39 =

(3. 30)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SVEINN BENEDIKTSSON

Reykjavík 16. jan. 1932

Kæri bróðir,

jeg þakka þjer síðasta brjef þitt. Jeg sendi þjer tvö skeyti um Baldur frænda okkar, fyrst um veikindi hans og síðan um fráfall hans. Á nú að jarða hann næsta þriðjudag. Um Marenu og börn þeirra er það að segja, að þau hafa öll tekið fráfalli og láti Baldurs með stillingu.

Mun Baldur hafa verið heldur illa stæður fjárhagslega, en nokkuð bætir úr fyrir Marenu og þeim, að hann var líftrygður í Thule og er sú trygging í lagi.

Jeg hefi spurt Pál Steingrímsson hvað yrði nú um starf Baldurs við "Vísi". Sagðist hann búast við, að þeir bættu engum við hjá blaðinu fyrst um sinn sökum fjárhagsörðugleika blaðsins. Var jeg talsvert hissa á að heyra að blaðið væri illa fjarhagslega statt . Sagði Páll mjer þá, að það væri mikið að kenna þjófnaði Jóns Sigurpálssonar, sem tekið hefði ófrjálsri hendi fje frá blaðinu til eigin braks og húsbyggingar fyrir sjálfan sig. Hann gæti látið taka Jón fastan hvenær sem væri. Nú væri hann í þann veginn að stjaka Jóni burtu, því að ófært væri að hafa þjóf við blaðið.

Um fjárhag blaðsins að öðru leyti sagðist hann ekki vita hvernig færi, ef þeim tækist ekki að fá lán yfir krepputímann.

Um starfkrafta blaðsins er það að segja, að þar eru nú þeir Páll og Axel Thorsteinsson. Einnig sýnist mjer Guðbrandur Jónsson hafa skaffað blaðinu talsvert mikið af greinum og þá helst þýðingum undanfarið.

Finst mjer nú mjög íhugunarvert, hvort ekki gæti komið til greina, að þú hugsaðir til að verða stjórnmálaritstjóri blaðsins, er þú kæmir til baka úr siglingunni. Býst jeg við að auðvelt væri að útvega

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SVEINN BENEDIKTSSON

blaðinu þá fjárhagsstoð, sem þyrfti, ef þú vildir verða stjórnmálaritstjóri blaðsins, býst jeg við að vel mætti í því augnamiði kaupa Jóns part í blaðinu eða jafnvel meiri hluta blaðsins.

Þeim áhrifum, sem hægt væri að ná í honum og jafnxxxframt á, stjórnmálin í landinu, með öruggri og góðri stjórn blaðsins, þarf jeg ekki x lýsa fyrir þjer.

Finst mjer sjálfsagt, af manni eins og þjer sem að eðlisfari xxxxxxxxxxxxx ert harður í horn að taka og vel lagaður til pólitískrar baráttu og hefur auk þess fengið hinn besta undirbúning til þess starfa, að koma heldur í autt skarð á því sviði heldur en hugsa um að ná í embætti, sem að líkindum myndi útiloka eða að minsta kosti draga úr þeirri starfsemi þinni, sem mest væri þörf á.

En ekki sýnist mjer rjett, að þú þótt hugsaðir um þetta, að þú flýttir för þinni frá því sem þú hefur fyrst ætlað, en fróðlegt findist mjer, að heyra álit þitt um þessa uppástúngu, sem fyrst.

Pjetur A. Ólafsson hefur verið að skrifa í Alþýðublaðið og Böðvar Bjarkan í xxx „Dag um síldareinkasöluna. Heldur hefur það verið ómerkilegt. En jeg býst við að skrifa nokkuð ítarlega um Einkasöluna um það bil, sem þing kemur saman eða þó líklega nokkru fyrir þing og ætla jeg þá í sambandi við þau skrif mín að koma að þessum greinum.

Halldór sendir þjer hjer með £ 20-0-0 og einnig biður hann að heilsa þjer og þakkar þjer brjef.

Með bestu kveðjum

Þinn Sveinn

Innlagt í brjefið £ 20-0-0

Sv. Ben.

Vente!

Hvenær viltu fá inneignina frá mjer,

S. Ben.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur